

Tilkynning um áramót 2017

Áramót kæna verður haldið 31. desember 2017
Siglingafélagið Ýmir
Keppt verður á Skerjafirði og innfjörðum hans
Tilkynning um keppni



1. Reglur

Keppt verður samkvæmt:
a. Kappsiglingareglum ISAF
b. Kappsiglingafyrirmælum SÍL
c. Kappsiglingafyrirmælum mótsins

2. Auglýsingar

Eftirfarandi takmarkanir eru á auglýsingum keppenda: Bátar gætu þurft að sýna auglýsingar sem skipuleggjendur velja og láta í té.

3. Þátttökuréttur

Rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppendareglum SÍL. Keppt verður í opnum flokki kæna og keppt eftir forgjöfum sem samþykktar hafa verið af SÍL.

4. Skráning

Skráningar berist til keppnisstjórnar fyrir kl. 21:00 28. desember með tölvupósti á keppni@siglingafelag.is. Taka þarf fram nöfn keppenda, seglanúmer og bátstegund, félag sem keppt er fyrir, kennitölu og símanúmer. Að auki skal gefa upp nafn og símanúmer forráðamanns ef keppandi er yngri en 18 ára.

5. Þáttökugjald

Þáttökugjald er ekkert.

6. Tímaáætlun

31. desember:
Afhending/kynning kappsiglingafyrirmæla frá kl. 11:30 - 12:00
Skipstjórafundur kl. 12
Viðvörunarmerki kl. 12:55, miðað við GPS tíma hjá keppnisstjóra

Sigldar verða ein til tvær umferðir. Ef sigldar verða 2 umferðir þá verða gefin 3 flaut 15-30 sekúndum á undan viðvörunarmerki á fyrir umferð 2.

Keppnir vera ekki ræstar ef vindur er undir 4 hnútum að meðaltali á keppnisvæði samkvæmt mælingum keppnisstjórnar.

Keppnir vera ekki ræstar ef vindur fer yfir 25 hnúta að meðaltali á keppnisvæði samkvæmt mælingum keppnisstjórnar. Keppnisstjórn áskilur sér réttindi til að lækka þetta mark ef hitastig fer undir 10°C og eða ef öldur eru háar að mati keppnisstjóra. Keppnir verða ekki ræstar ef skyggni kemur í veg fyrir að keppnisstjórn geti haft yfirsýn yfir keppnisvæðið.

Eftir keppni verður boðið uppá veitingar.

7. Kappsiglingafyrirmæli

Siglingafyrirmæli verða afhent fyrir skipstjórafund og stefnt er að því að birta þau á heimasíðu Ýmis daginn áður.

8. Keppnisvæði

Keppt verður á Skerjafirði og innfjörðum hans ef veður og hitastig leyfir.

9. Keppnisbraut

Keppnisbraut verður lýst í kappsiglingafyrirmælum.

10. Stigakerfi

Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í Alþjóða-kappsiglingareglunum.

11. Verðlaun

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin.

12. Verðlaunaafhending

Verðlaunaafhending fer fram í félagsheimili Ýmis strax og úrslit verða ljós að lokinni keppni.

13. Ábyrgð

Allir sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4, ákvörðun um að keppa. Keppnisstjórn ásamt öllum þeim sem taka þátt í framkvæmd mótsins firra sig allri ábyrgð gagnvart tjóni sem kann að verða vegna þátttöku í mótinu.

14. Frekari Upplýsingar

Frekari upplýsingar fást hjá Aðalsteini, keppnisstjóra, í síma 693 2221 eða með tölvupósti á keppni@siglingafelag.is